

Mál nr. 10/2018**M og
váttryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðar A.****Sönnun orsakatengsla líkamstjóns og umferðaróhapps 30.11.2015.****Gögn.**

Málskot móttakið 5.1. ásamt fylgiskjölum nr. 1-20
Bréf V dags. 17.1.2018 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M ók bifreið sinni 30.11.2015 þegar bifreiðinni A var ekið aftan á bifreið hennar. M segir að þrátt fyrir að lítið sjáist á bifreiðunum þá hafi hún fengið þó nokkurn hnykk á líkamann. M segir að eftir að nauðsynlegra læknisfræðilegra gagna varðandi líðan hennar hafði verið aflað hafi verið óskað að tímabundnar og varanlegar afleiðingar slyssins yrðu metnar af þar til bærum matsmönnum og matsbeiðni þess efnis send V, en V hafi hafnað því að standa að matinu. M vill ekki una því að V hafni að standa að örorkumati á M vegna slyssins og gerir þá kröfu að V verði gert að standa að matinu og greiða kostnað vegna þess. M telur að nægjanleg læknisfræðileg gögn séu til staðar sem réttlæti þessa kröfu. V hafnar bótaskyldu og segir að númeraplata A hafi snert númeraplötu bifreiðar M og höggið sem kom á bifreiðarnar hafi nánast ekkert verið og engar skemmdir urðu á bifreiðunum. V telur að þessi atburður sé ekki líklegur til að valda líkamstjóni hvorki tímabundnu né varanlegu. Þá segir V að vottorð lækna og annarra meðferðaraðila byggji á frásögn M en sé ekki studd neinum sjálfstæðum rannsóknum. V segir að miðað við gögn málsins séu því minni líkur en meiri á því að einkenni M verði rakin til árekstursins 30.11.2015 og orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem M reki til hans ósönnuð.

Álit.

Af gögnum málsins, sérstaklega myndum af bifreiðum, verður ekki annað ráðið en áreksturinn sem varð milli bifreiðar M og A hafi verið með þeim hætti, að nánast ekkert högg hafi orðið við áreksturinn. Engar skemmdir eru sjáanlegar á bifreiðunum eftir áreksturinn. Miðað við þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu og önnur gögn málsins er ekki sýnt fram á að orsakatengsl séu fyrir hendi á milli þeirra verkja sem eru að hrjá M og þess áreksturs sem hér er fjallað um. Ekki er því nægilega sannað að orsakatengsl séu milli óþæginda M í dag og árekstursins. M á því ekki, miðað við fyrirbyggjandi gögn, rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 9. 2.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður.

Jón Magnússon lögmaður.